

Grindavíkurbær  
Atli Geir Júlíusson  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík

Reykjavík, 13. júní 2022  
UST202205-173/A.B.  
10.04.00

## **Efni: Tillaga - HverfisSKIPULAG - Valla- og Stígahverfi í Grindavík**

Vísað er til erindis sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkurbæjar er barst 12. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að hverfisSKIPULAGI fyrir Valla- og Stígahverfis í Grindavík.

Í erindinu kemur fram að svæðið sem um ræðir eru fyrst og fremst skilgreint sem íbúðasvæði á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032 en innan svæðis er jafnframt skilgreint svæði fyrir verslun og þjónustu og opið svæði. Innan svæðis eru einbýlis-, par- og raðhús. Við Gerðavelli 17-19 er húsnæði sem hýsir bakarí og daggæslu barna. Ekkert deiliskipulag er til fyrir þetta þegar byggða hverfi. Auk þess segir að markmið Grindavíkurbæjar með skipulagsgerðinni sé að móta heildarstefnu og samræma ákvæði innan hverfisSKIPULAGSSVÆÐISINS til að einfalda afgreiðslu leyfisveitinga og gera þær markvissari. Tilgangurinn er að auðvelda ákvörðunarferli vegna framkvæmda og uppbyggingar á svæðinu. Einnig er markmiðið að styrkja og viðhalda gæðum hverfa með skýrum ákvæðum.

### **Náttúrufar og saga**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að kafla 2.2 komi fram að hraunið falli undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess er mikilvægt að fjallað sé um 3. mgr. ákvæðisins þar sem segir að forðast ber röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

### **Hraun**

Umhverfisstofnun tekur undir þá stefnu og þau almennu ákvæði sem koma fram í kafla 3.14, þar sem fjallað er um frágang og verndun hraunasvæða, en þar segir að hraunsvæðum innan hverfis verði viðhaldið, lega stíga eða áningarstaða skal taka mið af ásýnd hraunsins og miða skal við að skerða ekki hraun sem gefur svæðinu sérstöðu og mannvirki skulu aðlöguð að hrauni eins og kostur er, þar sem það á við.

Umhverfisstofnun lítur svo að tillagan geri ekki ráð fyrir frekari röskun á hrauni innan skipulagssvæðisins.

### **Gróðurnotkun**

Umhverfisstofnun tekur undir að varast skal notkun ágengra tegunda s.s. lúpínu og skógarkerfil og tryggt að þær berist ekki í hraunsvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar (þar með talið hraunasvæða) eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagssvæðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.“

### **Umhverfisáhrif**

Í umhverfisviðmið/matsspurningar á bls. 36 segir: „*Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m<sup>2</sup>, sjávarfítjar og leirur og fossa?*“

Umhverfisstofnun bendir á að það þarf að laga þessa setningu, þar sem innan skipulagssvæðisins er einungis hraun sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun lítur svo að tillagan geri ekki ráð fyrir frekari röskun á hrauni innan skipulagssvæðisins og hafi því engin áhrif á hraun.

### **Hverfisskipulag – Þéttbýli - Framtíðarsýn**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að innan þéttbýlismarka Grindavíkur séu jarðminjar kortlagðar og hverfi hönnuð í framtíðinni með þeim hætti að götur, lóðir, göngustígar, leiksvæði og byggingarreitir séu staðsettir með tilliti til minjanna.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
*teymisstjóri*